

ROLEX

TUDOR

TAG Heuer

NOMOS GLASHÜTTE

LONGINES

TISSOT



Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909


Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Byggja upp stöðu í Kviku Stoðir eignast nokkurra prósentu hlut í bankanum. Ætlar sér að vera stærsti hluthafinn í sameinuðu félagi Kviku og TM.	Uppgjörskrafan úrelt Uppgjörskrafa lífeyrissjóða sögð of há. Dregur úr áhuga þeirra á ríkisbréfum sem kemur sér illa fyrir ríkissjóð.	Skapar 140 milljarða Samtök iðnaðarins telja að gjald-eyristekjur hugverkaiðnaðar muni nema um 15 prósentum af gjald-eyristekjum þjóðarþúsins.	Stóriðjan njóti sömu kjara Landsvirkjun vill að búið sé svo um hnútana að íslensk stóriðja njóti sömu hlunninda og norsk álver við kaup á mengunarkvóta.	Tími grænu bréfanna kominn Með grænni skuldabréfaútgáfu getur Ísland sýnt að því sé alvara í að byggja upp á sjálfbærum grunni eftir faraldurinn.
2	4	5	8	10

Vaxtalækkanir vítamínsprauta

Vaxtalækkanir Seðlabankans hafa og munu stuðla að meiri hækkunum á hlutabréfaverði en það að bólu-efnið gegn COVID-19 sé á næsta leiti. Hlutfall almennings á hlutabréfamarkaði hefur undanfarin ár verið lágt í samanburði við það sem áður var og það sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. »6-7

Gengispróun Úrvalsvisitölunnar frá áramótum






FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímappantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800



Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Novator setur milljarða í vinsælan fjártæknibanka

Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar og viðskiptafélaga hans, fjárfesti í fjártæknibankanum Monzo í sumar fyrir 40 milljónir punda, jafnvirði um 7 milljarða króna. Þetta staðfestir Birgir Már Ragnarsson, meðeigandi í Novator, í samtali við Markaðinn.

„Við höfum mikla trú á félaginu og stjórnendum þess og sjáum fram á áframhaldandi stuðning við uppbyggingu félagsins,“ segir Birgir Már. „Félagið er vel fjármagnað með traustan fjárfestahóp og hefur staðið sig frábærlega í að ná til sín nýjum viðskiptavinum.“

Monzo gekk frá 60 milljónum punda fjármögnun um miðjan júní og var félagið þá metið á 1,2 milljarða punda, um 211 milljarða króna. Áhættufjárfestingasjóðurinn General Catalyst Partners, sem var á meðal fjárfesta í tölvuleikjafyrirtækinu CCP, tók einnig þátt í hlutfjáraukningunni. Verðmatið var þó um 40 prósentum lægra en í fjármögnunarmferðinni sumarið 2019 þegar félagið var metið á 2 milljarða punda.

Frá því að Monzo setti bankaappið sitt í loftið árið 2015 hafa meira en 4,4 milljónir manns skráð sig í viðskipti hjá bankanum. Áskoranir sem felast í því að breyta vinsældum í hagnað hafa hins vegar magnast í kórónakreppunni.

Samdráttur í ferðalögum hefur komið illa niður á Monzo sem hefur reitt sig á þjónustugjöld vegna kortanotkunar sem helstu tekjulind sína. Neyddist bankinn til að segja upp 120 manns til að bregðast við faraldrinum.

Í síðasta ársreikningi, sem birtur var um mitt ár, var rekstrarhæfi félagsins dregið í efa. Tekjur Monzo höfðu vaxið úr 13 milljónum punda



Björgólfur Thor Björgólfsson, aðaleigandi Novator.

» Novator keypti hlutabréf í Monzo á 40 prósentum lægra gengi en þeir fjárfestar sem keyptu bréf í bankanum sumarið 2019.

upp í 56 milljónir punda en tapið nam 113 milljónum punda, tæplega 20 milljörðum króna, og rúmlega tvöfaldaðist milli ára. TS Anil, nýr forstjóri Monzo, ætlar að snúa þessari þróun við. Bankinn hefur nýlega sett fyrirtækjareikninga á markaðinn auk þess að bjóða einstaklingum upp á betri þjónustu gegn gjaldi.

Novator hefur fjárfest í fjölda nýsköpunar- og tæknifyrirtækja á undanförunum árum. Má þar nefna greiðslumiðlunarfyrirtækið Stripe sem var metið á 36 milljarða dala, jafnvirði 4.740 milljarða króna, í síðustu hlutfjáraukningu fyrr á þessu ári.

Þá gekk Novator frá sölu á hlut sínum í pólska fjarskiptafyrirtækinu Play í september. Novator, sem kom að stofnun þess árið 2005 og átti 20 prósent fyrir sölna, fékk 440 milljónir evra, um 70 milljarða króna, fyrir sinn hlut. – þfh

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

JÓLIN ERU HJÁ OKKUR...

Jólaökur, Smáökur, Stórar piparkökur til að skreyta, Pipakökunús o.m.fl.

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



Hlutabréfaverð Kviku banka hefur hækkað um 45 prósent á undanförunum þremur mánuðum.

Stoðir byggja upp stöðu í Kviku fyrir samruna

Fjárfestingafélagið ætlar sér að vera stærsti hluthafinn í sameinuðu félagi TM og Kviku banka. Hefur eignast að minnsta kosti nokkurra prósentu hlut í bankanum í gegnum framvirka samninga. Eru stærstir í TM með 11,7 prósent.

Fjárfestingafélagið Stoðir hefur á undanförunum vikum og mánuðum byggt upp umtalsverða stöðu í Kviku banka, samkvæmt heimildum Markaðarins. Stoðir eru stærsti hluthafi TM með um 11,7 prósentu eignarhlut en stjórnir tryggingafélagsins, Kviku og Lykils fjármögnunar samþykktu um miðja síðustu viku að sameina félögin.

Ekki fast staðfestar upplýsingar um hversu stóran hlut Stoðir eru komnir með í Kviku, sem er ekki í eigin nafni heldur í gegnum framvirka samninga, en hann nemur að minnsta kosti nokkrum prósentum. Samkvæmt heimildum Markaðarins standa áform Stoda, sem eru eitt umsvifamesta fjárfestingafélag landsins með um 27 milljarða króna í eigið fé, til þess að vera stærsti hluthafinn í sameinuðu félagi. Eigi það að ganga eftir þegar TM og Kviku verða formlega sameinuð, sem er áætlað að geti orðið í mars á næsta ári, munu Stoðir þurfa að vera með um sjö prósentu hlut í bankanum.

Samkvæmt samrunasamningi munu hluthafar TM fá í sinn hlut um 54,4 prósent útgefins hlutfjár í Kviku. Það þýðir að Lifeyrissjóður verslunarmanna og Lifeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), sem eru á meðal helstu eigenda í báðum félögum, verða að óbreyttu stærstu hluthafarnir í sameinuðu fyrirtæki með eignarhlut upp á annars vegar um 9 prósent og hins vegar um 8,2 prósent. LSR, sem átti undir 3 pró-

67

milljarðar er sameiginlegt markaðsvirði TM og Kviku í dag.

senta hlut í Kviku í ársbyrjun, hefur bætt við sig yfir tveggja prósentu hlut í bankanum frá því í september og fer í dag með rúmlega átta prósentu hlut.

Viðskiptabankarnir þrír – Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn – eru dag skráðir fyrir samantlagt um 12 prósentu hlut í Kviku. Þau bréf skiptast á veltubók og framvirka samninga sem bankarnir hafa gert við viðskiptavinum sína.

Langsamlega stærsti hluthafi Stoda er félagið S121, með um 65 prósentu hlut, en það er meðal annars í eigu Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoda, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanns í TM, og Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarformanns TM. Auk þess að vera stór fjárfestir í TM eru Stoðir með tæplega fimm prósentu hlut í Arion banka og stærsti hluthafinn í Símanum með nærri 15 prósentu hlut.

Óformlegar viðræður um samruna TM og Kviku áttu sér nokkurn aðdraganda en Markaðurinn greindi fyrst frá því í júlí að stjórn Kviku banka hefði í lok júnimán-

áðar hafnað beiðni stjórnar TM um að hefja formlegar sameiningarviðræður þar sem ekki náðist saman um helstu skilmála, meðal annars um skiptihlutföll. Þremur mánuðum síðar hófust síðan formlegar viðræður og í liðinni viku var tilkynnt að stjórnir félaganna hefðu samþykkt sameiningu. Hlutabréfaverð TM og Kviku hefur hækkað verulega á undanförunum mánuðum og nemur sameiginlegt markaðsvirði þeirra nú um 67 milljörðum.

Samrunasamningurinn gerir ráð fyrir að TM færi váttryggingastarfsemi yfir í félagið TM tryggingar og í kjölfarið fari fram þríhlíða samruni Kviku, TM og Lykils. TM tryggingar verða eftir það dótturfélag sameinads fyrirtækis. Stjórnir TM og Kviku telja raunhæft að með samrunanum megi ná fram 1.200 til 1.500 milljónum króna árlegri kostnaðarsamlegð, einkum vegna lægri fjármögnunarkostnaðar, án viðskipta- og einskiptiskostnaðar. Það er talsvert meiri samlegð en fyrst var áætlað en þegar viðræðurnar hófust var hún talin vera um milljarður.

Marínó Örn Tryggvason verður forstjóri Kviku en Sigurður Viðarsson stýrir TM tryggingum. Innan stjórnar TM töluðu sumir fyrir því, samkvæmt heimildum Markaðarins, að Sigurður færi fyrir sameinuðu félagi, á meðan Marínó yrði aðstoðarforstjóri Kviku, en ekki náðist samstaða um slíkar breytingar og var því ákveðið að forstjórn félaganna myndu áfram gegna sömu stöðum sínum.

hordur@frettabladid.is

Davíð kaupir glæsihýsi Skúla af Arion

Davíð Helgason, einn af stofnendum hugbúnaðarfyrirtækisins Unity Technologies, hefur keypt eitt verðmætasta íbúðarhús landsins að Hrólfsskálavör 2 á Seltjarnarnesi, sem var áður í eigu Skúla Mogensen, af Arion banka. Samkvæmt heimildum Markaðarins nemur kaupverðið á sjötta hundrað milljónum króna.

Húsið er rúmlega 600 fermetrar að stærð og er fasteignamat þess um 221 milljón króna. Arion banki leysti húsið til sín í byrjun septembermánaðar en Skúli, fyrrverandi forstjóri og eigandi WOW air, hafði veðsett húsið fyrir um 360 milljónir þegar flugfélagið réri lífróður haustið 2018. Í kjölfar gjaldþrots WOW



Davíð Helgason, einn af stofnendum Unity

air í fyrra setti Skúli húsið á sölu, þar sem einkum var horft til fjárfsterkra erlendra einstaklinga, og var ásett verð í kringum 700 milljónir. Þær tilraunir báru ekki árangur.

Davíð er á meðal ríkustu núlifandi Íslendinga eftir að Unity var skráð í kauphöll New York um miðjan september en markaðsvirði félagsins, sem hefur hækkað um 200 prósent frá skráningu, er nú um 41,7

milljarðar Bandaríkjadala, jafnvirði 5.500 milljarða íslenskra króna. Eignarhlutur Davíðs í Unity, sem er um fjögur prósent, er því metinn á rúmlega 200 milljarða króna í dag.

Tekjur Unity á þriðja ársfjórðungi námu um 200 milljónum dala en fyrirtækið býr til hugbúnað sem mikill fjöldi tölvuleikja byggir á, einkum fyrir snjallsíma. Davíð, sem stofnaði fyrirtækið ásamt tveimur öðrum árið 2004, hefur búið vestanhafs um langt skeið en hyggst nú flytja til Íslands. Hann hefur í viðtölu sagst fjárfesta nær eingöngu í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum en Davíð var á meðal þeirra fyrstu sem fjárfestu í Plain Vanilla og sat um tíma í stjórn félagsins. – hae

FRÁBÆR JÓLAGJÖF



Gefðu skemmtilega matarupplifun

Gjafabréf sem gildir á
fimm af vinsælustu veitingastöðum Reykjavíkur

Gjafabréfin gilda á: Fjallkonan Krá & Kræsingar, Tapasbarinn, Sæta Svinið Gastropub, Sushi Social og Apotek Kitchen+Bar.

Þú velur upphæð, 5.000, 10.000, 15.000, 20.000 eða 25.000 kr. og viðtakandi velur hvar og hvenær hann vill nýta gjafabréfið.

Gjafabréfin fást á **stöðunum fimm** og á **gefum.is**



FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR

fjallkona.is



tapas.is



saetasvinid.is

sushi)
social

sushisocial.is

APOTEK
KITCHEN+BAR

apotek.is

Athyglin beinist að uppgjörskröfunni

Uppgjörskrafa lífeyrissjóða sögð of há. Dregur úr áhuga á ríkisbréfum sem kemur sér illa fyrir ríkissjóð. Stjórnkerfið skoðar breytingar á uppgjörskröfunni. Prófessor í hagfræði segir það geta grafið undan trúverðugleika að breyta kröfunni af slíkum ástæðum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Lítil áhugi lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum hefur vakið upp spurningar um lögbundna uppgjörskröfu sjóðanna, sem er einnig kölluð ávöxtunarviðmið. Innan stjórnkerfisins er nú unnið að því að skoða mögulegar breytingar á uppgjörskröfunni, samkvæmt heimildum Markaðarins, sem er sögð of há miðað við núverandi vaxtaumhverfi og kemur sér meðal annars illa fyrir ríkissjóð sem áformar frekari útgáfu ríkisskuldabréfa á næstu misserum til að fjármagna gífurlegan fjárlagahalla.

„Það hefði reyndar verið heppilegra að gera breytingu í þessa veru fyrir nokkrum árum – það hefur verið ljóst nokkuð lengi að 3,5 prósent viðmiðið var of hátt – heldur en nú þegar ríkissjóður þarf á miklu fjármagni að halda,“ segir Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík. „Það getur grafið undan trúverðugleika kerfisins að gera svona breytingar af slíkum ástæðum.“

„Þegar hagkerfið er komið inn í allt annað vaxtaumhverfi kemur sífellt betur í ljós hversu úrelt þetta viðmið er,“ segir Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans.

Markaðurinn hefur ábyggilegar heimildir fyrir því að innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins sé unnið að því að skoða mögulegar breytingar á uppgjörskröfunni. Íslenskir lífeyrissjóðir þurfa að núvirða skuldbindingar sínar miðað við 3,5 prósent vexti umfram verðbólgu samkvæmt lögum.

Asgeir Jónsson seðlabankastjóri sagðist hafa áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir væru að mestu



Uppgjörskrafan hjá lífeyrissjóðum flækist fyrir ríkissjóði og Seðlabanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það hefði reyndar verið heppilegra að gera breytingu í þessa veru fyrir nokkrum árum heldur en nú þegar ríkissjóður þarf á miklu fjármagni að halda.

Friðrik Már Baldursson, hagfræði-prófessor



fjarverandi þegar kemur að því að fjármagna bankakerfið og eins ríkissjóð, með kaupum á ríkisskuldabréfum á markaði. Óvissa um fjármögnun á miklum hallarekstri ríkissjóðs á komandi árum hefur þrýst upp langtímavöxtum á markaði.

Eignarhald lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum sem hlutfall af heildarmagni, hefur lækkað úr 40 prósentum niður í 37 prósent frá áramótum. Yfir sama tímabil hefur raunvaxtamunur á tíu ára íslenskum ríkisbréfum gagnvart sömu gerð bandarískra ríkisbréfa farið vaxandi og hefur raunvaxtamunurinn ekki verið meiri í þrjú ár.

Harpa Jónsdóttir, framkvæmda-

stjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR, sagði í kjölfarið að sjóðurinn hefði horft meira til annarra fjárfestingarkosta „í ljósi þeirrar ávöxtunarkröfu sem gerð er til lífeyrissjóða og þess lágvaxtaumhverfis sem við búum við í dag.“

„Lífeyrissjóðir eiga ekki að hlíta svona kalli sérstaklega heldur byggja ákvarðanir sínar alfarið á heildarhagsmunum sjóðfélaga,“ segir Daniel hjá Landsbankanum, spurður um þá stöðu sem er komin upp þar sem sjóðirnir þurfa að huga að uppgjörskröfunni en eru einnig gagnrýndir af seðlabankastjóra fyrir að taka ekki þátt í að fjármagna ríkissjóð á vöxtum sem eru vel undir kröfunni.

» Innlán lífeyrissjóða í bankakerfinu hafa aukist um 35 prósent, allt að 49 milljarða, frá áramótum.

„Auðvitað skilur maður það að lífeyrissjóðir séu tregir til að fjárfesta í ríkisbréfum sem eru kannski með óverðtryggða ávöxtun sem gefur neikvæða raunávöxtun miðað við núverandi verðbólgu og innan við einnar prósentu verðtryggða ávöxtun sem er langt undir þessu viðmiði,“ segir Friðrik Már.

Friðrik Már bendir á að ávöxtunarviðmiðið upp á 3,5 prósent hafi verið sett við allt aðrar aðstæður þegar raunvextir á öruggum ríkisbréfum á alþjóðamarkaði, til dæmis í Bandaríkjunum, voru á svipuðu róli. Það var á tíunda áratugnum en núna eru alþjóðlegir raunvextir í kringum núllið og verða það sennilega um þó nokkurt skeið.

„Þetta segir óhjákvæmilega til sín hér á landi og það virðist því eðlilegt að taka tillit til þessarar þróunar. Það þýðir ekki að viðmiðið eigi að fara í núll,“ bætir hann við.


Breyting á uppgjörskröfunni er vandasamt verk og viðkvæmt á vettvangi stjórnmalanna enda felur breytingin í sér að verðmæti eru færð á milli kynslóða.

Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu hjá Fjármálaeftirlitinu, sagði í umfjöllun Markaðarins fyrir ári að skuldbindingar dæmigerðra lífeyrissjóða myndu aukast um 10-13 prósent ef uppgjörskrafan yrði lækkuð niður í 3 prósent. Á móti myndu eignir aukast um 2-4 prósent. Ef upp-

Búum í hagin fyrir atvinnulíf fram tíðarinnar

arionbanki.is

/// Innlánastaflinn – aukning frá áramótum



Þegar hagkerfið er komið inn í allt annað vaxtaumhverfi kemur sífellt betur í ljós hversu úrelt þetta viðmið er.

Daniel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans.

gjörskrafan væri hins vegar lækkuð niður í 2 prósentu verðtryggða vexti gæti hækkun skuldbindinga lífeyrissjóða numið tugum prósentu.

Lækkandi vextir samhliða óbreyttri uppgjörskröfu leiða til þess að lífeyrissjóðirnir horfa fram á förnarskipti. Meiri ávöxtun fylgir að jafnaði meiri áhætta, og til að ná þessu 3,5 prósentu viðmiði þurfa sjóðirnir því að taka meiri áhættu en áður.

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ræddi stöðu lífeyrissjóðanna og áhrif þeirra á fjármálamarkaði á síðasta fundi, sem var haldinn um miðjan september. Í fundargerðinni kom fram að lífeyrissjóðirnir „séu ráðandi fjárfestar hér á landi og mikilvægt sé að breið sátt ríki um umgjörð þeirra“. Þá hafði nefndin áhyggjur af stöðu

sjóðanna „í ljósi núverandi vaxtaumhverfis sem gæti aukið áhættu tóku þeirra í leit að hærri ávöxtun“.

Innlán lífeyrissjóða í bankakerfinu hafa aukist um 35 prósent, alls 49 milljarða króna, frá áramótum. Staðan fór hæst í 192 milljarða í lok september en lækkaði svo um 10 milljarða í október. Miðað við 0,15 prósentu innlánsvexti að meðaltali er raunávöxtun innlánastaflans neikvæð um meira en 3 prósent.

Viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði segja að lífeyrissjóðir hafi fundið fjármagni sínu farveg í hlutabréfum og fyrirtækjaskuldbréfum. Til að mynda hafa lífeyrissjóðir keypt fyrir vel á þriðja tug milljarða króna í skuldbréfaútboðum skráðu fasteignafélaganna á síðustu vikum.

Eflangtímaávöxtun verður lægri en uppgjörskrafan þegar upp er staðið þarf að skerða lífeyrissréttindi. Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu hjá Fjármálaeftirlitinu, sagði í umfjöllun Markaðarins fyrir ári síðan að skuldbindingar dæmigerðrar lífeyrissjóða myndu aukast um 10-13 prósent ef uppgjörskrafan yrði lækkuð niður í 3 prósent. Á móti myndu eignir aukast um 2-4 prósent. Ef uppgjörskrafan væri hins vegar lækkuð niður í 2 prósentu verðtryggða vexti gæti hækkun skuldbindinga lífeyrissjóða numið tugum prósentu.

Ríkisstjórnin mun hefja stefnumörkun í lífeyrismálum og stefnir að því að afraksturinn verði grænbók um lífeyrismál sem kynnt verður vorið 2021.

Hugverkaiðnaður með 15 prósent af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins

Samtök iðnaðarins (SI) telja að gjaldeyristekjur hugverkaiðnaðar muni nema 140 milljörðum króna í ár og muni skapa um 15 prósent af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins. Útlit er fyrir að greinin verði sú þriðja stærsta í gjaldeyrissöflun þjóðarbúsins í ár á eftir sjávarútvegi (28 prósent) og ál- og kísiljárnframleiðslu (23 prósent). Þetta kemur fram í greiningu SI.


„Hugverkaiðnaður er fjórða útflutningsstoðin í íslensku hagkerfi“, segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, í samtali við Markaðinn. „Með rétttri forgangsroðun og ákvörðunum getur þessi stoð orðið sú stærsta og mikilvægasta hér á landi. Þar með yrði dregið úr sveiflum í hagkerfinu, eitthvað sem lengi hefur verið stefnt að, þannig að ytri áföll myndu ekki hafa eins mikil áhrif á okkur og nú.“

Hann segir að með því að styðja enn frekari framgang þeirrar stoðar sem hugverkaiðnaður sé verði til ný, eftirsótt og verðmæt störf og aukin verðmætasköpun til framtíðar. „Þetta á að vera plan A og stjórnvöld og atvinnulíf eiga að taka höndum saman um að virkja og sækja ný tækifæri á þessu sviði.“

Samkvæmt greiningunni jukust gjaldeyristekjur hugverkaiðnaðar um 38 prósent á milli áruna 2018 og 2019 þegar þær námu 135 milljörðum króna og hafa aldrei verið hærri. Lyfja-, líftækni- og heilbrigðis-iðnaður er sá stærsti, skapaði um 54 prósent af gjaldeyristekjunum í fyrra og jukust þær um 63 prósent á milli ára.


Upplýsinga- og fjarskiptatækni-iðnaður skapaði um 37 prósent af tekjunum og jukust þær um 21 prósent á milli ára. Annar hátækniiðnaður, svo sem framleiðsla á stoðtækjum eða tækjabúnaði fyrir matvælaíðnað og kvikmyndaiðnaður, skapaði níu prósent af tekjunum og jukust gjaldeyristekjurnar um átta prósent á milli ára.

„Snarpur vöxtur hefur verið í upplýsinga- og fjarskiptatækni-iðnaði (UT) hér á landi á undan-



Lyfjaiðnaður hefur náð vopnum sínum aftur. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

/// Gjaldyrstektjur hugverkaiðnaðar



förnum árum“, segir í greiningu SI. Á síðasta ári námu gjaldeyristekjur greinarinnar 50 milljörðum króna. Til samanburðar námu gjaldeyristekjur greinarinnar 24 milljörðum króna árið 2013. Tekjur greinarinnar hafa því vaxið um 107 prósent á tímabilinu.

Lyfja-, líftækni- og heilbrigðis-iðnaður hefur verið að ná vopnum sínum aftur undanfarið eftir samdráttinn frá 2016-2018. Byggir vöxtur síðustu ára meðal annars á þeirri miklu þekkingu sem varð til

á uppbyggingarárum greinarinnar hér á landi. Vöxtur hefur verið í gjaldeyristekjum greinarinnar frá 2018. Fyrirtæki á borð við Cori-pharma, Alvotech, Florealis, Kercis og Zymetech hafa verið í vexti síðustu ár og eru áform þeirra um frekari uppbyggingu hér á landi stór. Má í því sambandi nefna að samkvæmt áætlun Alvotech verður fyrirtækið með 5 prósent af vergri landsframleiðslu og 20 prósent af útflutningstekjum þjóðarbúsins árið 2027. helgivifill@frettabladid.is

Traustur fyrirtækjarekstur og öflug nýsköpun kallar á samstarfsaðila sem skilur þarfirnar.

Arion banki býður fyrirtækjum af öllum stærðum og í öllum geirum alhliða þjónustu með fagmennsku, innsæi og þekkingu að leiðarljósi.

Hafðu samband á fyrirtaeki@arionbanki.is, við þjónustuver í síma **444 7000** eða í netspjalli á arionbanki.is.



Þrátt fyrir að flestir haldi sig almennt heima, hvort sem það eru Íslendingar eða ferðamenn, hafa uppgjör ýmissa fyrirtækja í Kauphöll komið fjárfestum skemmtilega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjárfestar horfa í gegnum faraldurinn

Miklar stýrivaxtalækkanir hafa gert það að verkum að hlutabréfaverð hefur almennt hækkað frá áramótum þrátt fyrir að COVID-19 hafi skapað djúpa niðursveiflu í efnahagslífinu. Í ljósi lágra vaxta er viðbúið að fé muni streyma inn á hlutabréfamarkað.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Vaxtalækkanir Seðla-bankans hafa og munu stuðla að meiri hækkunum á hlutabréfaverði en það að bólu-efnið gegn COVID-19 sé á næsta leyti. Þetta segir Snorri Jakobsson, framkvæmdastjóri greiningarfyrirtækisins Jakobsson Capital. „Stýrivaxtalækkanir hafa leitt til mikilla hækkana á hlutabréfamarkaði.“

Mogens Gunnar Mogensen, forstöðumaður hlutabréfastýringar hjá Íslandssjóðum, segist bjartsýnn á áframhaldandi hækkanir á hlutabréfamarkaði á næstu misserum. „Vextir eru orðnir lágir hér á landi og til lengri tíma munu þeir haldast lægri en áður hefur þekkst.“

Hann bendir á að þetta muni hafa í för með sér að fjármunir leiti úr áhættuminni eignum eins og ríkisskuldabréfum yfir í hlutabréf. „Þessi tilfærsla hófst í lok síðasta árs eftir að vextir tóku að lækka um mitt ár 2019. Við fundum fyrir miklu innflæði í hlutabréfasjóði okkar á þessu tímabili en í fyrstu COVID-bylgjunni hægði á þeirri þróun. Það var eðlilegt í ljósi þeirrar óvissu sem skapaðist í hagkerfinu meðal annars tengt framtíð Ícelandair en þá var ljóst að fram undan væri stórt hlutafjárútboð hjá félaginu.“

Innflæði stuðli að hækkunum
Mogens Gunnar telur að aukið innflæði á hlutabréfamarkaðinn muni stuðla að hækkunum. „Við teljum að töluverðir fjármunir muni leita inn á markaðinn vegna þess hve vextir eru lágir og verðlagning víða hagstæð.“

Hlutfall almennings mun minna hérlandis

„Hlutfall almennings á hlutabréfamarkaði hefur undanfarin ár verið lágt bæði í samanburði við það sem áður var og það sem þekkist annars staðar, eða um fjögur til fimm prósent,“ segir Magnús Harðarson, forstjóri kauphallarinnar Nasdaq Iceland. „Þegar best lét eða árið 2002 stóð hlutabréfaeign almennings í 17 prósentum af markaðsvirði. Við teljum æskilegt að hún sé að minnsta kosti tvisvar til þrisvar sinnum hærri en nú er svo viðunandi sé eða á svipuðum slóðum og við sjáum á Norðurlöndunum. Við höfum samt skynjað meiri áhuga almennings á því að taka þátt á markaði, eins og sjá mátti á útboði Ícelandair Group í september sem og vel söttri veffræðslu um fjárfestingar sem við

stóðum fyrir um daginn ásamt HR og bönkunum,“ segir hann. Magnús segir að það væri æskilegt ef heimilin fjárfestu í meira mæli á hlutabréfamarkaði. „Við þekkjum það frá nágrannalöndunum að fjárfestingar einstaklinga á markaði eru sérlega mikilvægar nýsköpunarfyrirtækjum. Aukin þátttaka einstaklinga á hlutabréfamarkaði býður einnig upp á fjölbreyttari skoðanaskipti, meiri valddreifingu og er einnig tæki til að jafna tekju-dreifingu því hún þýðir að arður af fjárfestingum er ekki bundinn við fámennan hóp. Þá er líklegt að auknar fjárfestingar heimila á hlutabréfamarkaði auki samstöðu í samfélaginu með því að styrkja samband almennings og atvinnulífs.“

Magnús Örn Guðmundsson, forstöðumaður hlutabréfa og blandaðra sjóða hjá Stefni, segir að fréttir af bóluþefnunum þremur gegn COVID-19 hafi staðfest „að ljósið við enda ganganna er ekki lest á móti okkur“ heldur bjargvættur. Bóluþefni skipti sköpum fyrir efnahag Íslands enda sé ferðaþjónusta umsvifamikill atvinnuvegur. „Nú höfum við fast land undir fótum og getum farið að hugsa fram í tímann,“ segir hann.


Mogens Gunnar segir margar skýringar á sterkum hlutabréfamarkaði síðan í haust. Góðar fréttir af bóluþefni skipti þar verulegu máli, vel heppnað hlutafjárútboð Ícelandair og almennt góður gangur í rekstri félaga á markaði, ekki síst vegna sterkrar einkaneyslu, hafi

glætt markaðinn miklu lífi. Þessi tíðindi ásamt lágu vöxtum geri það að verkum að fjárfestar og sparifjäreigendur færi fé úr innlánnum og skuldabréfum í hlutabréf. Í hlutafjárútboði Ícelandair hafi sjö þúsund nýir hluthafar bæst í eiginendahópinn og hlutabréfin hafa hækkað um 40 prósent frá þeim tíma.

„Ekki er ólíklegt að hlutafjárútboð Ícelandair hafi endurvakið áhuga margra einstaklinga á hlutabréfamarkaðnum,“ segir hann.

Að hans sögn hefur verið töluvert innflæði á hlutabréfamarkaðinn, sérstaklega í október og nóvember. Birtingarmynd þess sé meðal annars að hlutabréfasjóðir Íslands-sjóða hafi vaxið um tæp 40 prósent frá áramótum.

/// Gengisþróun frá áramótum



Horft í gegnum faraldurinn
Magnús Örn segir að fjárfestar hérlandis og erlendis hafi horft í gegnum kórónaveirufaraldurinn. Verðmat fyrirtækja byggir enda á spá um sjöðstreymi til fjölda ára en ekki skamms tíma. „Margir reikna með því að bóluþefnið verði komið í viðtæka dreifingu á fyrri hluta næsta árs og því er hægt að leiða hugann að því hvernig fyrirtækin standa þegar veiran hefur verið kveðin niður.“

Sveinn Þórarinnsson, hlutabréfagreinandi hjá Landsbankanum, segir að fjárfestar „horfir í gegnum“ COVID-19. Þess vegna muni hlutabréfamarkaðurinn ekki taka við sér á sama tíma og hagkerfið. Þegar

verði búið að verðleggja þær hækk-anir að einhverju leyti inn í hluta-bréfaverðið.

Hann vekur athygli á að flest skráð fyrirtæki á markaði hafi hækkað frá áramótum þrátt fyrir þá erfiðleika sem veiran skapi fyrirtækjum. Fjárfestar séu enda á höttunum á eftir betri ávöxtun í lágvaxtaumhverfi. Það hjálpi að flest skráð fyrirtæki í Kauphöll hafi orðið fyrir vægum áhrifum af COVID-19 fyrir utan Ícelandair og fasteignafélögin. Uppgjör á öðrum og þriðja ársfjórðungi hafi til að mynda verið fin. Að því sögu spái Landsbankinn því að hagnaður fyrirtækja í Kauphöllinni verði um 30 prósentum minni í ár en í fyrra.

Hagstætt verðlagður

Magnús Örn telur að hlutabréfa-markaðurinn eigi eftir að þökast upp á við áfram, þó að ekki sé óeðli-legt að sjá fjárfesta selja aðeins inn í miklar hækkanir. „Hlutabréfa-markaðurinn er hagstætt verðlagður að teknu tilliti til vaxtastigsins í landinu. Vextir á innlánnum gefa nei-kvæða raunávöxtun og sparnaður er að leita meira inn á hlutabréfa-markaðinn,“ segir hann.

Að hans sögn hefur skuldabréfa-markaðurinn verið geysisterkur síðustu misseri og vextir á markaði lækkað mikið þó að enn sé hægt að festa jákvæða ríkistryggða raun-vexti til langs tíma, ólíkt því sem þekkist erlendis. „Aukin eftirspurn hefur verið eftir hærri ávöxtunar-kröfu, til dæmis í fyrirtækjaskulda-bréfum, og munum við sjá það aukast. Það er breytt landslag þar sem vaxtastig hér á landi mun lík-lega vera viðvarandi lægra en við höfum áður búið við,“ segir hann.

Magnús Örn segir að lág krafa á skuldabréfamarkaðnum styðji við hlutabréfamarkaðinn og ekki sé ólíklegt að verðmargfaldarar hækki. „Verðkennitölur eru enn lágar miðað við nágrannalöndin,“ segir hann og vekur athygli á að lík-lega muni skráð fyrirtæki geta greitt umtalsverðan arð þegar staða hag-kerfisins batni. „Það er ekki óvar-legt að áætla að þær muni nema um þremur til fimm prósentum af markaðsvirði í eðlilegu árferði,“ segir hann.

Mogens Gunnar segir að heilt yfir sé hlutabréfamarkaðurinn hóflega verðlagður. „Það er eðli-legt að verðkennitölur hækki þegar vextir lækka. Við sjáum engin bólu-einkenni enn sem komið er,“ segir hann. Búast megi við rekstrarbata hjá flestum félögunum í Kauphöll-inni á árinu 2021 sem muni styðja við verðlagningu félaganna.

Sveinn telur að hlutabréfamarkaðurinn geti heilt yfir haldið áfram að hækka á næsta ári. „Það verður hins vegar töluvert flókt og ekki endilega öll félög með sömu mögu-leika þegar bóluefnið fer í umferð,“ segir hann.

Lífeyrissjóðir í hlutabréf

Mogens Gunnar telur að lífeyris-sjóðir gætu horft meira til innlends hlutabréfamarkaðar á næstunni. Lækkandi vaxtastig hérlendis hefur fælandi áhrif á fjárfestingar í skulda-bréfum og innlánnum. „Krónan er til-tölulega veik um þessar mundir en væntingar eru um að hún styrkist þegar líða tekur á næsta ár. Auk þess hafa verið miklar hækkanir á erlendum hlutabréfum. Við það hafa erlendar eignir lífeyrissjóða hlutfallslega aukist og eru víða að nálgast langtímamarkmið. Í því ljósi er mögulega ekki eins áhuga-vert fyrir lífeyrissjóði að fjárfesta erlendis við núverandi aðstæður,“ segir hann.


A undanförnum árum hafi lífeyr-issjóðir lánað sjóðfélögum mikið til fasteignakaupa en nú séu heimilin að endurfjármagna fasteignalánin hjá bönkum sem bjóði nú betri kjör. Við það safnist upp fjármunir sem þurfi að fjárfesta. Mogens Gunnar telur að hluti af því fé gæti runnið inn á hlutabréfamarkaðinn.

„Í nýrri fjárfestingarstefnu Gildis fyrir árið 2021 erum við að leggja upp með að auka nokkuð við vægi hlutabréfa, ekki síst á erlendum mörkuðum,“ segir Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis. „Við horfum jafnframt nokkuð björtum augum á innlenda hlutabréfamarkaðinn á næstu misserum. Það er viðbúið að endurskipu-lagning í ferðaðþjónustu muni taka tíma og vonandi mun sá geiri koma sterkari til baka. Heilt yfir teljum við horfur góðar í flestum geirum og að markaðurinn hérna heima verði sterkur áfram,“ segir hann.

Erlendir fjárfestar


Að sögn Mogens Gunnars er sömu-leiðis líklegt að erlendir fjárfestar horfi í auknum mæli til Íslands þegar hlutabréfamarkaðurinn fari í vísitölumengi MSCI fyrir vaxtar-

V/H hlutfall samkvæmt spá um hagnað eftir tólf mánuði



Innlán heimila

Veltiinnlán og óbundin (í milljörðum króna)



markaði (e. frontier) um mitt næsta ár. „Það gæti vakið áhuga erlendra fjárfesta á að fjárfesta hér á landi í ljósi þess að krónan er veik og spár benda til að hagkerfið taki við sér á næsta ári. Það er þó rétt að hafa í huga að mengi erlendra fjárfesta hérlendis hefur verið þröngt. Ef til vill mun áhugi þeirra fyrst um sinn beinast að Arion banka og Marel en það eru fyrirtækin sem verða í vísitölunni.“

Sveinn segir að erlendir fjárfestar horfi mikið til gengis krónunnar þegar fjárfest sé hér á landi. Telji þeir að hún muni styrkjast eru meiri líkur á að þeir fjárfesti hérlendis en efreiknað er með að hún muni veikjast er líklegt að þeir haldi sig til hlés. „Jafnvel þótt erlendir fjárfestar hafi fengið góða ávöxtun á skuldabréfa-eða hlutabréfamarkaði í gegnum tíðina hefur það komið fyrir að veiking krónunnar þurrkaði út ávöxtunina. Erlendir fjárfestar verja sig almennt ekki gegn gjaldeyrisáhættu,“ segir hann.

Snorra þykir líklegt að miklir fjármunir muni streyma á hlutabréfamarkaðinn. Að hans mati hefur hlutabréfaverð fasteignafélaganna lækkað of mikið að undanförnu. „Markaðsvirði þeirra er undir bók-færðu virði fasteignanna,“ bendir Snorri á en slær þann varnagla að byggt hafi verið of mikið af atvinnu-húsnæði á síðastliðnum árum.

Eins nefnir hann að minna sé um tjón hjá tryggingafélögunum þegar hægist um í hagkerfinu og því til viðbótar séu margir heima við um þessar mundir. Við þær aðstæður þurfi þau að greiða út færri tjón. Þá njóti tryggingafélögin góðs af góðu gengi á fjármálamörkuðum. Eins sé Arion banki hagstætt verðlagður.

„Sala smásöluverslana verður góð á næstunni en ég sé í raun ekki kaup-tækifæri í þeim þótt þær séu ekki ofmetnar á markaði. Sömu sögu er að segja af framleiðslufyrirtækjunum Marel og Brim,“ segir hann.

Heldur dökk mynd

Magnús Örn segir að ýmsir, þar með talinn Seðlabankinn, hafi dregið upp heldur dökka mynd af umsvifunum í hagkerfinu á næsta ári. Fari ferðaðþjónustan af stað geti hún skilað umtalsverðum gjaldeyristekjum,

eins myndi þjóðarbúið njóta góðs af því ef loðna finnst.

Hann er þó þeirra skoðunar að atvinnuleysi verði umtalsvert fram að sumri. „Það er mikilvægt að atvinnulífið verði undirbúið þegar viðspyrnan kemur og fyrir-tækin verði ekki orðin gjaldþrota. Þess vegna eru aðgerðir á borð við hlutabótaleiðina mikilvægar. Til að atvinnulífið geti náð sér á strík þarf að vera mörkuð skýr stefna um það hvernig brugðist verði við COVID-19 smiti til að skapa fyrirsjáanleika í rekstri og auka líkur á að fyrirtæki séu klár í slaginn.“

Eins og komið var inn á hefur COVID-faraldurinn alls ekki aðeins haft neikvæð áhrif á félög í Kauphöllinni. Mogens Gunnar segir að rekstur smásöluverslana hafi gengið vel, sömu sögu sé að segja af tryggingafélögum og að veiran hafi haft lítil áhrif fjarskiptafélögin. Fyrir utan Icelandair séu það einkum fasteignafélögin sem hafi orðið fyrir búsfjum af völdum heimsfaraldursins. „Leigutakarnir eru þverskurður af atvinnulífinu og margir þeirra starfa meðal annars í ferðaðþjónustu. Heilt yfir hefur Kauphöllin farið afar vel út úr heimsfaraldrinum. Flest fyrirtækin standa mjög vel og sum hver jafnvel betur en fyrir faraldurinn,“ segir hann.

Fin uppgjör

Magnús Örn hefur orð á því að uppgjörin á öðrum og þriðja ársfjórðungi hafi verið fin. „Vissulega er væntingum stillt í hóf í ljósi aðstæðna. Það hefur komið ánægju-lega á óvart hve vel hefur tekist að hagræða í rekstrinum þegar á móti blæs. Sum fyrirtæki hafa notið góðs af heimsfaraldrinum eins og til dæmis þau sem eru í smásölu og upplýsingatækni.“

Sérfræðingar á markaði vekja athygli á að fyrirtækin hækki ekki bara vegna bættra horfa sem rekja má til COVID-19 bóluefnis. Síminn hafi til að mynda hækkað vegna væntinga um sölu fjarskiptainnviða, Arion banki í ljósi þess að bankinn megi hugsanlega greiða út arð, horfur séu á að hagræðing í rekstri Eimskips muni skila sér og hagræði muni felast í sameiningu Kviku og TM.

TAPASBARINN MEÐ ÞÉR HEIM!

SÚPER TAKE AWAY TILBOÐ



TILBOÐ A – FYRIR TVÖ

- Nýbakað brauð með hummus og tapenade
- Marineraðar lambalundir með lakkrísósu
- Beikonvafin hörpuskel og döðlur á spjóti (2 stk.) með sætri chilli sósu
- Djúpsteyktur humar í orly
- Kjúklingaspjót (2 stk.) með blómkáls-cous cous, furuhnetum, blómkálsmauki og alioli
- Nautaspjót (2 stk.) með sveppaduxelles, bourgunion-sveppasósu og smækli

6.990 kr. 3.495 kr. á mann

TILBOÐ B – FYRIR TVÖ

- Nýbakað brauð með hummus og tapenade
- Beikonvafin hörpuskel og döðlur á spjóti (2 stk.) með sætri chilli sósu
- Andabringa með jarðskokkum, svartrót og Malt- og Appelsínsósu
- Djúpsteyktur humar í orly
- Kjúklingastrimlar í chiliraspi með gráðaostrasósu
- Lambaspjót (2 stk.) með chorizo-sósu, smækli og rótargrænmeti
- Nautaspjót (2 stk.) með sveppaduxelles, bourgunion-sveppasósu og smækli

7.990 kr. 3.995 kr. á mann

VEGAN TILBOÐ

- Nýbakað brauð með hummus og tapenade ✓
- Blómkál marinerað með harissa, blómskálsmauki, pistasíu-lime vinaigrette og granatepli ✓
- BBQ Jackfruit soft taco (2 stk.) með mangó-jalapeno salsa, avókadómauki og ferskum kóríander ✓
- Vegan Piri Piri "rif" með djúpsteyktu smækli og sítrus-hvítlaukssósu ✓

3.990 kr. á mann

Tekið er við pöntunum í síma 551 2344 eða á netfangið tapas@tapas.is

HINN EINI SANNI Í 20 ÁR!



Stóriðjan njóti sömu kjara og í Noregi

Miðað við núverandi verð á ETS-kolefniskvótæiningum munu norsk álver fá riflega endurgreiðslu frá norska ríkinu vegna útgjalda við kaup á mengunarkvóta. Landsvirkjun vill að búið sé svo um hnútana að íslensk stóriðja njóti sömu hlunninda hér á landi.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Landsvirkjun hefur komið því á framfæri við atvinnuvegaráðuneytið að tryggja verði getu íslenska ríkisins til að styðja við orkufrekan iðnað með sama hætti hér á landi og gert er í Noregi, svo að tryggja megi samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi. Norskir álframleiðendur munu á þessu og næsta ári fá sem nemur á bilinu tíu til tólf dollara á hverja notaða megavattstund til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kolefnislosunar frá norska ríkinu á næsta ári, en norska stórpíngið hefur málið nú til meðferðar. Engar líkur er á öðru en að málið fái samþykki þingsins, enda um að ræða framlengingu á fyrirkomulagi sem þegar er í gildi. Samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) liggur þó ekki enn fyrir. Endurgreiðslur vegna kostnaðar sem tengist kolefnislosun (ETS-einingum) hafa tíðkast í Noregi allt frá árinu 2013, en hækkandi verð á ETS-einingum frá árinu 2018 hefur aukið getu norskra stjórnvalda til að styðja við orkufrekan iðnað í Noregi.

Allt fram til ársins 2013 gátu ríki innan ESB og á Evrópska efnahags-svæðinu úthlutað ETS-einingum ókeypis til raforkuframleiðenda. Síðan þá hafa raforkuframleiðendur þurft að kaupa einingarnar. Undir þeim aðstæðum þar sem raforkuframleiðendur þurftu að kaupa einingarnar skapaðist hættu á því að mengandi iðnaður flyttist til svæða utan EES þar sem ekki eru gerðar jafnrikrar kröfur í umhverfismálum. Þessi hættu hefur verið kölluð kolefnisleki. Markmið ETS-kerfisins er að skapa hagrænan hvata til að draga úr mengun, en ef framleiðsla færirst til svæða þar sem minni umhverfiskröfur eru gerðar, má vart segja að löggjöf um ETS-kolefniskvóta nái markmiði sínu, heldur þvert á móti.

Til að mæta vandamálinu hefur ESB samþykkt reglur um ríkisaðstoð til orkufrekra fyrirtækja í formi endurgreiðslu vegna kaupa á ETS-einingum. Tilgangur þessara reglna er að hjálpa þeim fyrirtækjum sem mættu stórukaunum orkukostnaði vegna ETS-kerfisins. Uppfylla þarf tvö skilyrði – í fyrsta lagi að viðkomandi fyrirtæki keppi á heimsmarkaði, þar á meðal við fyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi að raforkunotkun við rekstur sé mjög mikil. Einsýnt er að álframleiðendur uppfylla bæði skilyrði. Væntingar norskra álframleiðenda fyrir næsta ár eru að þetta endurgreiðslukerfi muni koma þeim mjög til góða, sökum síhækkandi verðs ETS-eininga. Norsk Hydro hefur þannig ákveðið að ræsa á ný framleiðslulínur í Husnes í Noregi sem hafa legið í dvala í meira en áratug.

Hærra ETS eykur endurgreiðslur
Samkvæmt reglum ESB um endurgreiðslur til stórnotenda vegna kostnaðar tengds kaupum á ETS-einingum miðast endurgreiðslurnar að talsverðum hluta við hvert verð á kolefniskvóta er hverju sinni. Á árbilinu 2013 til 2017 sveiflaðist verð ETS-eininga á milli þriggja og átta evra á hvert tonn, en frá árinu 2018 hefur það hækkað snarpt og stendur nú í 25 evrum á tonnið. Heimild norska ríkisins – og annarra ríkisstjórna innan EES sem nýtt hafa sér heimild ESB til endurgreiðslna af þessu tagi – hækkar þannig með hækkandi verði á kolefniskvóta.

Spá greiningarfyrirtækisins Argus Media gerir ráð fyrir því að




Samkeppnishæfni íslenskrar stóriðju er ógnað ef íslensk stóriðja nýtur ekki sömu endurgreiðslna og sú norska að mati Landsvirkjunar. MYND/STÍGUR

Norsk Hydro endur-ræsir gamlan kerskála

Norski álframleiðandinn Norsk Hydro tilkynnti fyrir skömmu að framleiðsla yrði aukin í álveri fyrirtækisins við Husnes í vesturhluta Noregs, miðja vegu milli Bergen og Stavanger. Álverið hefur verið keyrt á hálfri afkastagetu frá árinu 2009 framleitt tæplega 100.000 tonn á ári. Slökkt var á annarri framleiðslulínu af tveimur í kjölfar fjármálahrunsins 2008, en hrúnið hafði meðal annars þær afleiðingar að álverð lækkaði hratt. Norsk Hydro fyrirhugar nú að fullnýta 195.000 tonna framleiðslugetu álversins við Husnes. Í fréttatilkynningu Norsk Hydro vegna málsins er tekið fram að eftirspurn eftir áli sé tekin að glæðast á ný, en ákvörðunin um framleiðsluaukningu nú sé ekki sist vegna væntinga um að Noregur muni halda áfram að nýta sér ETS-endurgreiðslukerfi sem verður til mikilla hagsbóta fyrir orkufrekan iðnað þar í landi. Af þeim sex álverum sem starfandi eru í Noregi eru fimm í eigu Norsk Hydro. Samanlögð framleiðslugeta Norsk Hydro í Noregi er tæplega 1,4 milljónir tonna á ári. Stærsta álver Evrópu er álver Norsk Hydro í Sunndal, en árleg framleiðslugeta þess er um 400 þúsund tonn á ári. Sjötta álverið í Noregi er í eigu Alcoa, en framleiðslugeta þess er 127 þúsund tonn á ári. Árleg álframleiðsla í Noregi er því riflega 1,5 milljónir tonna, en í samanburði er hámarksframleiðslugeta íslensku álveranna þriggja tæplega 870 þúsund tonn. Þó að Noregur framleiði margfalt meiri raforku en Ísland, eru löndin tvö því ekki svo langt hvort frá öðru þegar kemur að framleiðslugetu á áli og eru sannarlega beinir keppinautar þegar kemur að upprunavottorðum raforku sem nýtt er til álframleiðslu.

Heimsmarkaðsverð áls frá ársbyrjun 2015 (\$/tonn)



Álverð yfir 2.000 dollara í fyrsta sinn frá 2018

Heimsmarkaðsverð á áli skreidd yfir 2.000 dollara markið á þriðjudag í þessari viku, í fyrsta sinn síðan í október 2018. Hækkandi álverð er einkum rakið til aukinnar eftirspurnar í Kína, en byggingargeirinn þar í landi hefur hjarnað við á síðustu mánuðum. Financial Times greinir frá því að eftirspurn eftir stáli,

sementi og áli hafi aukist um tíu til þrettán prósent í október síðastliðnum, samanborið við sama mánuð á síðasta ári. Álverð hefur nú hækkað um hartnær 40 prósent frá því að það náði sínu lægsta gildi í rúmlega 1.400 dollurum fyrir tonnið í apríl á þessu ári. Frá ársbyrjun hefur álverð hækkað um riflega 11 prósent.

verð á ETS-einingum geti náð allt að 65 evrum á tonnið að tæpum tíu árum liðnum, svo að ljóst er að um mikla hagsmuni er að tefla. Talið er að núverandi verð á ETS-einingum muni skila sér í endurgreiðslu upp á tíu til tólf dollara fyrir hverja nýtt megavattstund til norskra álframleiðenda. Raforkusamningar til stórnotenda eru nú í boði í kringum 30 dollara á megavattstundina í Noregi. Að frádreginni ETS-endurgreiðslu er ljóst að orkukostnaður norskra álframleiðenda yrði meira en samkeppnishæfur við Ísland, en Landsvirkjun hefur sagt að kostnaðarverð raforkuframleiðslu fyrirtækisins sé á bilinu 28 til 35 dollarar á megavattstundina.

Samkeppnishæfni í húfi

Talið er að ESA muni birta ákvörðun sína um nýjar reglur um ETS-endurgreiðslur á árunum 2021 til 2030 áður en árið er úti. Landsvirkjun

Stórnotendur raforku á Íslandi kaupa nú þegar ETS-einingar á markaði [...]. Íslenska ríkið fær ákveðinn hluta þeirra greiðslna. Norðmenn hafa nýtt sér heimild til að láta hluta af söluandvirði þessara eininga renna til orkufreks iðnaðar. Þá leið gætum við líka farið.

Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar



tímasamningar raforku til stórnotenda eru gerðir á markaðskjörum og sumir hafa verðtengingu við evrópska orkumarkaði má færa rök fyrir því að ETS hafi áhrif til hækkunar á orkuverði á Íslandi með sambærilegum hætti og það hefur í Noregi,“ segir jafnframt í bréfi Landsvirkjunar til atvinnuvegaráðuneytisins.

Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, segir að ef Norðmenn geti sýnt fram á það gagnvart ESA að ETS-viðskiptakerfið hafi haft áhrif til hækkunar á raforkuverði til stórnotenda í Noregi eigi sömu reglur að gilda hér á landi, til að tryggja fyrirtækjum hér jafna stöðu.

„Stjórnvöld á Íslandi verða því að tryggja að sömu leikreglur gildi hér og í Noregi. Við vorum ekki með þessar heimildir til endurgreiðslu á tímabilinu 2013 til 2020, en það skipti minna máli þá þar sem verðið á ETS-einingum var miklu lægra,“ segir Kristín Linda. „Stórnotendur raforku á Íslandi kaupa nú þegar ETS-einingar á markaði vegna losunar þeirra hér á landi. Íslenska ríkið fær ákveðinn hluta þeirra greiðslna. Norðmenn hafa nýtt sér heimild til að láta hluta af söluandvirði þessara eininga renna til orkufreks iðnaðar. Þá leið gætum við líka farið,“ útskýrir Kristín Linda.



Mark hleypur með eiginkonu sinni, yfirleitt átta til tíu kílómetra þrisvar til fjórum sinnum í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vísindamaður með leikrit í smíðum

Svipmynd

Mark Levick

Störf:

Mark Levick hefur verið forstjóri Alvotech frá 2019. Hann var þróun-arstjóri Sandoz Biopharmaceuticals (í eigu Novartis) frá árinu 2016. Þar kom hann að þróun fimm hlið-stæðulíftæknilyfja (e. Biosimilars). Áður gegndi hann ýmsum stjórn-unarstörfum hjá Novartis í Banda-rikkjunum og Sviss. Einnig hefur hann starfað hjá GlaxoSmithKline í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Menntun:

Mark útskrifaðist sem læknir frá Háskólanum í Newcastle í Ástralíu. Auk þess er hann með doktors-próf frá Háskólanum í Cambridge þar sem hann sérhæfði sig í þróun bólu efna.

Fjölskylduhagir:

Kvæntur Fionu sem kennt hefur hjúkrunarfræði en er nú skóla-stjórnandi. Þau eiga fjóra syni á aldrinum 23 til 27 ára, þeir starfa sem blaðamaður, lögmaður, vís-indamaður og við fasteignapróun.

Mark Levick, forstjóri Alvotech, fæddist á Nýja-Sjálandi en ólst upp í Ástralíu. Hann hefur búið í 26 ár erlendis og starfað í Ástralíu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Sviss, Þýskalandi og Íslandi. Hver eru þín helstu áhugamál? Við hjónin njótum þess að vera úti, hlaupa og ganga á fjöll. Alla jafna hlaupum við átta til tíu kílómetra þrisvar til fjórum sinnum í viku, og alltaf um helgar. Þegar við erum ekki í Reykjavík stundum við útivist í norðurluta Sviss. Á undanfórnum árum höfum við meðal annars gengið Camino-leiðina í Portúgal og gengið Strandanna á milli á Englandi (e. Coast to Coast, tæpir 300 kílómetrar, innsk. blm.).



Ég geng yfirleitt í vinnuna, sama hvernig viðrar.

Hitt áhugamálið mitt er lestur skáldsagna og annarra bóka um allt milli himins og jarðar, einkum um sögu og sálfræði. Ég hef jafnframt gaman af skapandi skrifum. Ég er að skrifa leikrit sem lýsa má sem sálfræðilegum spennutrylli. Ég er önnur kafinn í vinnu og því taka skrifin langan tíma.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Ég vakna snemma, yfirleitt um klukkan sex svo ég geti farið út að hlaupa eða ganga áður en vinnudagurinn hefst. Hér hleyp ég eða geng frá Hörpunni að Laugarnesi, þaðan liggur leiðin að gula vitanum sem er andspænis Viðey. Venjulega les ég kvöldfréttirnar frá Ástralíu á meðan ég borða morgunmat og svara persónulegum tölvupóstum. Ég geng yfirleitt í vinnuna, sama hvernig viðrar. Það tekur um hálf-tíma, hvora leið.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það er erfið spurning vegna þess að ég er sífellt að læra eitthvað nýtt aflestri bóka. Ef ég ætti að velja einhverja eina væri það Höfuðpaurinn (e. Lord of the Flies) eftir William Golding. Það er klassísk skáldsaga um hóp drengja á grunnskólaaldri sem verða skipreika á eyðieyju. Í upphafi vinna þeir saman til að draga fram lífið þar til að valdabarátta leiðir til þess að hópurninn skiptist í tvo flokka sem berjast um að ráða ríkjum. Þetta er saga mannkynsins í gegnum aldirnar og minnir okkur á að fagna því sem við eigum sameiginlegt frekar en að agnúast yfir því sem gerir okkur ólík.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin að undanfórnu?

Ein áskorunin á undanfórnum árum hefur verið að þróa hlið-stæðulíftæknilyf en í 15 ár þar áður hafði ég starfaði við að þróa frumlyf. Hliðstæðulíftæknilyf eru í raun

lyf, sambærileg af afar öflugum líftæknilyfjum sem hafa verið á markaði í einhver ár. Hliðstæðulíftæknilyf eru framleidd í frumurækt og svo hreinsuð. Þau eru gefin sjúklingum með alvarlega sjúkdóma á borð við krabbamein og sjálfsónæmissjúkdóma eins og liðagigt og sóríasis.

Þótt undarlegt megi virðast er erfiðara að þróa gott líftæknilyf, vegna þess að þau eru stór prótein framleidd úr lifandi frumum, en smásameindalyf framleidd með efnasmiðum. Það krefst þess að púsla þarf saman tækni, vísindum og læknisfræði og svo er það jafnvel meiri áskorun að þróa hliðstæðulíftæknilyf en frumlyf, vegna þess hversu flókið er að gera þessi lyf „eins og“ frumlyfið.

Vinnan er svo sannarlega þess virði vegna þess að hliðstæðulíftæknilyf eru mun ódýrari en upprunalega lyfið. Af því leiðir að hægt er að meðhöndla mun fleiri fyrir sama kostnað, sem aftur leiðir til þess að heilbrigðiskerfið verður betra fyrir vikið.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Hliðstæðulíftæknilyf eru til þess að gera ný. Fyrstu lyfin voru samþykkt í Evrópu og Bandaríkjunum fyrir minna en tíu árum. Alvotech er óðfluga að verða leiðandi á alþjóðavettvangi í þróun og framleiðslu hliðstæðulíftæknilyfja. Í því skyni höfum við byggt upp sérhæfðan starfshóp á Íslandi. Við höfum bæði sótt sérfræðinga í líftækni í gegnum samstarf okkar við Háskóla Íslands og frá öðrum löndum. Okkar markmið er að Alvotech verði hjartað í uppbyggingu á fjölbreyttum og sístækkandi líftækniklasa innan Vísindagarða Háskóla Íslands.

Hvað vita þeir almennt ekki sem ekki þekkja til hliðstæðulíftæknilyfja?

Jafnvel í löndum eins og Þýskalandi, Noregi og Bretlandi hefur lægri kostnaður vegna hliðstæðulíftæknilyfja til dæmis leitt til þess að næstum því tvöfalt fleiri konur með brjóstakrabbamein hafa fengið slík lyf samanborið við áður en hliðstæðulíftæknilyfjin komu á markað.



GASTROPUB

SÚPER TAKE AWAY

HÁDEGISTILBOÐ

11.30-15.00



Dós af Coke, Coke Zero, Sprite eða Topp fylgir með hverjum rétti!

ÞESSIR RÉTTIR AÐEINS

1.500 kr.

SÆTA SVÍNS BORGARINN hinn eini sanni, 175 g úr sérvaldri rumpsteik og „short ribs“, bjór-brioche brauð, rauðlaukssulta, Búri, trufflu-mayo, vöfflufranskar

BBQ VEGAN BORGARI, buff úr linsubaunum og sólblómafræjum, tómatur, BBQ strandsveppir, „mozzarella“ og spicy „mæjö“

ANDARSALAT, confit eldað andalæri, grasker, chili, spírur, kóríander, furuhnetur

LAMBASAMLOKA, hægelduð lambaöxl, romaine salat, vöfflufranskar, bernaïse

VEGAN BBQ JACKFRUIT BURRITO, avókadó, kryddhrísgrjón, pico de gallo, ferskt salat

GRILLAÐUR LAX, perlubygg, svart hvítlauks-sesam froða, paprikusósa

LANGA, kartöflumús, kapersblóm, hollandaise-sósa



SVÍN VIRKAR

FLEIRI FRÁBÆRIR RÉTTIR

SÚPA DAGSINS með nýbökuðu brauði 690 kr.

LAMBASKANKI, hægeldaður í 12 klst. chorizo og beikon ragú, smjörbaunir, grænar ertur 2.000 kr.

NAUTALUND 200g, sveppir í plómusósu, smælki, gulrætur, nautadjús 2.500 kr.

EKKI KLIKKA Á ÞESSU!

Pantaðu í síma 555 2900 | Náðar á saetasvinid.is

Skotsilfur



Revalútsý

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sjá söguna í nýju ljósi og tengja saman Þjóðarsáttina um 1990 og fjármálahrunið 2008 með undraverðum hætti í sargrein við tillögum SA frá því í síðustu viku. Samkvæmt þessari sögu-skýringu þeirra leiddi Þjóðarsáttin til stóraukins ójafnaðar meðal Íslendinga, bæði mælt í tekjum og eignum áratugina á eftir. Formennirnir segja að slík aukning ójafnaðar hafi ekki bara verið ósanngjörn heldur einnig skapað hættu á efnahagslegum stórslysum á borð við fjármálahrunið sem var „bein afleiðing af taumlausri uppsöfnun auðs á fárra hendur“. Það er nefnilega það. Tímamótasamningum, sem klipptu á áralangar víxlhækkanir launa og verðlags, er kennt um fjármálakrisu sem átti sér stað átján árum síðar. Ekki er víst að formennirnir finni marga fræðimenn utan félagsstarfsins sem taka undir þessa söguskýringu.

Hvalreki

Davíð Helgason, einn af stofnendum Unity Technologies, er það sem nýsköpunarsenan á Íslandi hefur þurft: Tækni-frumkvöðull sem hefur byggt upp blómlegt fyrirtæki og er reiðubúinn að fjárfesta ríkulega í sprotum. Sumarið 2018 hafði Davíð að eign sögn fjárfest í um 50 sprotafyrirtækjum. Nú er hann að flytja til Íslands og mun eflaust fylgjast vel með innlendum frumkvöðlum. Davíð hefur ekki einungis fram að færa fé og mikla þekkingu heldur einnig djúp tengsl í Kísildalinn og víðar – af skala sem ekki hefur þekkt áður hérlandis. Davíð gæti virkað eins og væn sterasprautu í sprotaumhverfið.

Smalley í stjórn

Breski lögmaðurinn Tim Smalley, einn nánasti samstarfsfélagi kaupsyslumannsins **Roberts Tchenguiz** um árabíl, hefur tekið sæti í stjórn Kviku Securities Ltd., dótturfélags bankans í Bretlandi. Á árunum 2003 til 2016 starfaði Smalley hjá fjárfestingafélagi Tchenguiz, R20, en undanfarin ár hefur hann stýrt fjárfestingafyrirtækjunum Blue-moon Investments og Stondon Capital. Stjórnarformaður dótturfélags Kviku í Bretlandi er Ármann Þorvaldsson, sem var á árum áður forstjóri Kauppings þar í landi, en Tchenguiz var sem kunnugt er stærsti viðskiptavinur bankans. Umsvif Kviku í Bretlandi hafa vaxið mjög en í vor var greint frá því að félagið hefði aukið eignastýringarstarfsemi sína með kaupum á veðlánasjóðnum SQN Asset Finance Income Fund en eignir eru metnar á 70 milljarða.



Ógnvekjandi skuldafjall Angelu Merkel



Þýskaland, sem stýrt er af Angelu Merkel, ræðst í stærsta björgunarpakka Evrópu til að styðja við hagkerfið í mars. Til þess voru tekin há lán og ríkissjóður rekinn með halla. Nú í fyrsta skipti spyrja stjórnmalamenn hvort landið geti staðið undir skuldafjallinu. Þingmenn óttast að skulda-byrðin muni bitna á komandi kynslóðum og auðvelt sé að læða inn gæluverkefnum þegar skuldirnar eru hvort eð er himinháar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tími grænu bréfanna kominn!



Andri Guðmundsson forstöðumaður hjá Fossum mörkuðum



Kristján Guy Burgess ráðgjafi um ábyrgar fjárfestingar



Við höfum áður skrifað um kosti þess að íslenska ríkið kanni kosti við útgáfu grænna skuldabréfa. Þar sem við skrifuðum áður en kóróna-kreppan reið í hlað, töldum við að nægur tími væri til stefnu, hægt væri að meta málin og síðan taka ákvörðun. Við höfum skipulagt fundi með helstu ráðamönnum um kosti þess að gefa út græn ríkisskuldabréf og sent minnisblað á stjórnvöld. Hingað til hefur verið vel verið tekið í þetta. Forsætisráðherra greindi á Viðskiptaþingi í vor frá stofnun vinnuhóps um sjálfbæra fjármögnun ríkissjóðs sem ætti meðal annars að greina kosti við útgáfu grænna skuldabréfa. Þá hefur græn fjármögnun bæst við sem aðgerð í aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum og í nýbirtri ríkis-fjármálaáætlun 2021-2025 er fjallað um mögulega útgáfu grænna ríkisskuldabréfa. Okkur var boðið til fundar við vinnuhópinn þar sem við greindum frá reynslunni af grænni útgáfu á Íslandi og hjá öðrum löndum og vörpuðum ljósi á leiðirnar fram á við. Reynslan af útgáfu grænna skuldabréfa hér á landi hefur

verið mjög góð. Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur, sem Fossar hafa starfað með að útgáfu grænna skuldabréfa, hafa fengið mikla umframeftirspurn eftir bréfunum og notið hagstæðra kjara og hyggjast halda áfram á sömu leið við umfangsmiklar grænar fjárfestingar sem eru fram undan. Fossar störfuðu með fasteignafélaginu Regin að fyrstu grænu skuldabréfaútgáfu íslensks fasteignafyrirtækis, nokkuð sem heppnaðist framar öllum vonum. Þegar hér er komið sögu hafa Fossar staðið að útgáfu á 68 af þeim 72 milljörðum króna sem hafa verið gefnir út í grænum, sjálfbærum og félagslegum skuldabréfum á íslenska markaðnum og hafa Fossar metnað til að halda áfram á þeirri braut. Úti í heimi hafa ríki verið að feta þessa braut, vel heppnaðar grænar skuldabréfaútgáfur Pólverja, Íra og Frakka vöktu mikla athygli og nú á þessu ári bættust Hollendingar, Svíar og Þjóðverjar í hópinn. Meira að segja Þjóðverjar ætla að gefa reglulega út græn skuldabréf

Með útgáfu í erlendri mynt verður til nauðsynlegur gjaldeyrir sem þarf til að drífa Ísland áfram út úr kreppunni.

á næsta áratug og búa þannig til nýjan vaxtaferil ríkisskuldabréfa (e. yield curve). Bretar ætla nú einnig í græna skuldabréfaútgáfu í fyrsta sinn sem er hugsuð sem viðspyrna við kórónaveirunni. Ólíkt því sem við töldum öll á sama tíma á síðasta ári þarf ríkissjóður Íslands nú að sækja sér töluvert fé á fjármálamarkaði. Í fjárukalögum er talað um 360 milljarða króna fjárþörf í erlendri

mynt. Við teljum að nú sé málið að gefa út græn ríkisskuldabréf til að koma nýjum stöðum undir fjármál ríkissjóðs. Þannig er hægt að fjármagna aðgerðaáætlun í loftslagsmálum að fullu, til að takast á við áskoranir í orkuskiptum og samgöngum framtíðarinnar. Um leið verður búin til áhugaverð avöxtunarleið fyrir lífeyrissjóði sem sækjast eftir grænum fjárfestingum í sínar bækur, en með útgáfu í erlendri mynt verður einnig til nauðsynlegur gjaldeyrir sem þarf til að drífa Ísland áfram út úr kreppunni. Reynsla annarra þjóða er að græn skuldabréfaútgáfa laðar að sér sterka og ábyrga fjárfesta viðs vegar að, eftirspurnin eykst og áhuginn á útgáfunni vex til muna. Með grænni skuldabréfaútgáfu getur Ísland sýnt að því sé alvara í að byggja upp á sjálfbærum grunni eftir faraldurinn og takast á við loftslagsvána af fullum þunga. Það er ekki eftir neinu að biða að Ísland bætist í hópinn og stjórnvöld sýni heiminum fram á metnaðarfulla leið út úr kreppu og inn í græna, sjálfbæra framtíð.

Baráttan gegn grænni upplýsingaóreiðu á fjármálamörkuðum



Helga Melkorka Óttarsdóttir
lögmaður og meðeigandi á LOGOS



Arnar Sveinn Harðarson
lögfræðingur og fulltrúi á LOGOS

Síðastliðið ár hafa höfundar greinarinnar birt tvær greinar um aðgerðir Evrópusambandsins á sviði sjálfbærra fjármála. Grein þessi er, líkt og fyrri tvær, liður í að vekja athygli á umfangsmikilli sjálfbærnivæðingu sambandsins á fjármálamörkuðum.

Undir lok árs 2019 birti Evrópusambandið reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (e. on sustainability-related disclosures in the financial services sector eða SFDR) sem tekur að stærstum hluta gildi þann 10. mars 2021. Íslandi er skylt að innleiða reglugerðina í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins en hún hefur ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn þegar greinin er skrifuð.

ESB telur nauðsynlegt að auka aðgengi fjárfesta að áreiðanlegum, skipulegum og nákvæmum upplýsingum tengdum sjálfbærni fjárfestinga, sem auðveldi þeim að ræðstafa fjármagni sínu til fjárfestingaafurða sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og félagsleg málefni. Í stuttu máli krefur reglugerðin tiltekin félög á fjármálamörkuðum um að huga að sjálfbærni og upplýsa fjárfesta um hvort, og þá hvernig, tekið er tillit til slíkra atvika við töku ákvarðana um fjárfestingar. Ýmis félög gætu þurft að endurskoða rekstrarhætti sína og innri ferla svo þau geti yfir höfuð fullnægt upplýsingaskyldunni.

Gildissvið reglugerðarinnar er víðtækt og nær annars vegar til þátttakenda á fjármálamörkuðum, til dæmis lánastofnana og fjárfestingarfélaga sem bjóða upp á eignastýringu eða fjárfestingaráðgjöf, rekstraraðila verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða og áhættufjárfestingarsjóða og lífeyrissjóða, og hins vegar fjármálaráðgjafa, til dæmis lánastofnana og fjárfestingarfélaga sem veita fjárfestingarráðgjöf.

Þær upplýsingaskyldur sem reglugerðin kveður á um má í grófum dráttum skipta í þrjá flokka: (i) hvernig tekið er tillit til þeirra neikvæðu áhrifa sem sjálfbærniáhætta (e. sustainability risk) gæti haft á fjárfestingu, (ii) hvernig tekið er tillit til þeirra neikvæðu áhrifa sem fjárfesting gæti haft á sjálfbærniþætti (e. sustainability factors) og (iii) upplýsingar frá aðilum sem bjóða upp á fjármálaafurðir sem miða að sjálfbærum fjárfestingum eða styðja við sjálfbærni að öðru leyti.

Upplýsingar um sjálfbærniáhættu

Almennt eru gerðar kröfur til félaga á þessum vettvangi um að starfa í þágu bestu hagsmuna fjárfesta. Til



Reglugerðin kemur til með að bæta úr óreiðu upplýsinga um sjálfbærni fjárfestinga og auka trúverðugleika á sviðinu.

að verða við kröfunni verða félög nú að flétta svokallaða sjálfbærniáhættu saman við ferla sína og meta reglulega hvort slík áhætta sé fyrir hendi. Undir hugtakið sjálfbærniáhætta falla atburðir eða aðstæður í tengslum við umhverfið, félagsleg málefni eða stjórnumarhætti, sem myndu raunverulega eða hugsanlega hafa verulega neikvæð áhrif á virði fjárfestingar, ef þau raungerast. Sem dæmi má nefna að auknar sveiflur í veðurfari af völdum loftslagsbreytinga geta haft veruleg áhrif á uppskeru og um leið lækkað virði fjárfestinga í félögum sem treysta á sæmilega uppskeru. Að sama skapi hefur aukin tíðni skógarelda þegar haft slæm áhrif á hagkerfi Bandaríkjanna og árlegur kostnaður Breta vegna flóða mun margfaltast á næstu áratugum.

Á grundvelli reglugerðarinnar ber félögum að setja sér stefnu um hvernig tekið er tillit til sjálfbærniáhættu þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar eða ráðgjöf veitt. Jafnframt verða starfskjarastefnur félaga að taka mið af sjálfbærniáhættum.

Loks verður félögunum skylt að veita fjárfestum upplýsingar áður en samningssamband kemst á (til dæmis í lýsingum) um það hvernig sjálfbærniáhætta er fléttuð inn í ákvarðanir og ráðgjöf og hvaða áhrif sjálfbærniáhætta gæti helst haft á afkomu fjárfestingarinnar. Ef niðurstaða þess mats er að engin sjálfbærniáhætta sé fyrir hendi verður að útskýra hvernig sú ályktun er dregin. Hér ber skyldan til að veita upplýsingar með sér aðra áþreifanlegri skyldu, það er, skylduna til að meta hvort sjálfbærniáhætta er fyrir hendi, og ef svo er, flétta hana inn í fjárfestingarákvarðanir eða fjármálaráðgjöf.

Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti
Þá fjallar reglugerðin um upplýsingar um áhrif fjárfestinga á svokallaða

sjálfbærniþætti, það er, málefni tengd umhverfinu, starfsfólki og félagslegum atvæðum, vernd mannréttinda og málefni tengd baráttu gegn spillingu og mútum. Þetta felur í sér mat á neikvæðum áhrifum fjárfestingarinnar út á við, til dæmis hvort hún hefur slæm áhrif á loftslagið vegna útblásturs fyrirtækisins á bak við fjárfestinguna. Félögin eru ekki beinlínis skuldbundin til að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana eða fjármálaráðgjafa á sjálfbærniþætti, en ef það er ekki gert verður að útskýra gaumgæfilega hvers vegna ekki og hvort stefnt sé að því í framtíðinni.

Aðrar kröfur

Auk þeirra kvaða sem þegar hafa verið nefndar eru lagðar sérstakar skyldur hvað varðar upplýsingagjöf þeirra félaga sem bjóða upp á (i) fjármálaafurðir sem eiga að miða að sjálfbærum fjárfestingum, eða (ii) fjármálaafurðir sem sagðar eru styðja við umhverfið eða félagsleg málefni. Útgefendur slíkra fjármálaafurða verða meðal annars að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi ESB, sem sett var á stofn fyrir á þessu ári.

Að lokum er tilefni til að benda á að markaðsefni þátttakenda á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa má ekki vera í ósamræmi við þær upplýsingar sem þarf að veita á grundvelli reglugerðarinnar. Þannig mætti til dæmis ekki markaðssetja fjárfestingu sem sjálfbæra þegar hún er það ekki í skilningi reglugerðarinnar.

Næstu skref

Ofangreind umfjöllun er ekki tæmandi en gefur mynd af helstu breytingum sem reglugerðin hefur í för með sér. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar (ESMA, EBA og EIOPA) áætla að gefa út leiðbeiningar fyrir lok þessa árs, sem munu varpa frekara ljósi á ákvæði reglugerðarinnar. Auk þess er undirbúningur hafinn að frekari breytingum á lykilgerðum ESB á sviði fjármála, þar með talið UCITS, MiFID og AIFMD, meðal annars í þágu upplýsingagjafa um sjálfbærni.

Reglugerðin kemur til með að bæta úr óreiðu upplýsinga um sjálfbærni fjárfestinga og auka trúverðugleika á sviðinu. Með auknum trúverðugleika má gera ráð fyrir meiri áhuga fjárfesta og því er ljóst að fram undan liggja ýmis tækifæri á sviði sjálfbærra fjármála.

sushi
social

25%
AFSLÁTTUR
af öllum sushirúllum
á matseðli í
TAKE AWAY



TILBOÐS
sushibakkinn



32 geggjaðir sushibitar
5.990 kr.

Panta þarf tilboðsbakkann fyrir kl. 14.00 samdægurs.

Tekið er við pöntunum í síma 568 6600
eða með fyrirvara á netfangið
sushisocial@sushisocial.is

Nánar á **sushisocial.is**

SUSHI SOCIAL
Þinghóltsstræti 5 • 101 Reykjavík

SKOÐUN

Þórður Gunnarsson



Víðir Reynis International

Mjög hefur verið gengið á borgaraleg réttindi fólks á undanförnum mánuðum. Lögreglumenn á Suðurlandi ræðust um helgina til atlögu við fólk í einkasamkvæmi og hótaði sektargjörðum. Ástæðan var sú að ekki var nægilega vel gætt að sóttvarna-hólfaskiptingu, en 30 gestir voru á svæðinu. Haft var eftir einum lögreglumanninum í viðtali á Vísi: „Við reynum að hafa öflugt eftirlit. Það er það sem virðist skipta máli. Því miður eru margir sem reyna að fara léttu túlkunina og finna götin í reglunum. En meiningin er að túlka allt mjög þröngt þannig að við vinnum á þessu, ekki finna hvar eru glöppur og göt og hanga á því.“ Yikes.

Þetta minnir aðeins á sögu-þráðinn í stórvirkinu Footloose, þar sem bannað er að dansa og lögreglan eltist við ungt fólk sem dirfist að slá upp dansleik. Einn munurinn er sá að þessi hörmulegi og að hluta til sjálfskapaði veruleiki okkar í dag er ekkert fyndinn eða skemmtilegur.

Ég hefði svo haldið að túlka ætti þröngt heimildir lögreglunnar til að skipta sér af fólki, en öll viðmið um meðalhóf eru svo sem löngu farin út um gluggann. Hérlandis sem erlendis. Leiða má líkur að því að einhver hafi tilkynnt brot á sóttvarnalögum með því að fylla út þar til gert eyðublað á COVID.is.

Þetta er kannski það sorglegasta við þetta allt saman – andrúmsloft tortryggni og taugaveiklunar er nú allsráðandi og fólki er egnt upp hvert á móti öðru. Það eru sannarlega fordæmi fyrir samfélögum þar sem borgararnir eru hvattir til að hafa eftirlit hverjir með öðrum og tilkynna brot samborgara sinna. Slíkt samfélag hefur sjaldan eða aldrei farnast vel.

Þó eru allar þessar aðgerðir kynntar undir formerkjum þjóðfélagslegrar samstöðu. En ef sú samstaða felst í því að fólk þurfi að sætta sig við lögreglu eftirlit með mannamótum, í stað þess að höfða til persónulegrar ábyrgðar fólks, þá erum við einfaldlega á rangri leið. Sama hversu göfugur tilgangurinn kann að vera.

Kannski er kominn tími til að hætta að tala um fordæmalaus tíma. Þetta ástand hefur nú varað í að verða tíu mánuði og mun líkast til gera það áfram um langt skeið. Það er að segja, ef heldur fram sem horfir. Ef stefna stjórnvalda verður áfram sú að stöðva hópamyndanir, sama hvaða nafni þær kallast, frekar en að læra að lifa með veirunni og aðlagast breyttum veruleika. Mögulega er tími til að venjast því að daglegur fjöldi komufarþega í Leifsstöð verði á móta og fjöldi gesta á heimili Víðis Reynissonar um helgar. Skulum samt vona ekki.

UMHVERFIÐ
HREINT
Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Centerhotels hagnast um 112 milljónir

Centerhotels högnuðust um 112 milljónir króna árið 2019. Til samanburðar nam hagnaðurinn 314 milljónum króna árið áður. Arðsemi eiginfjár var 14 prósent. Eigið fé var 843 milljónir króna við árslok og eiginfjárlutfallið 46 prósent. Tekjurnar jukust um þrjú prósent á milli ára og voru 4,6 milljarðar króna.

Hótelsamsteypan er í eigu S&K eignarhaldsfélags sem var með fjóra milljarða í eigið fé við lok árs í fyrra og eiginfjárlutfallið 91 prósent. Ferðaþjónusta glímur við mikinn vanda því



Kristófer Oliverson, forstjóri CenterHotels.

fáir ferðamenn koma til landsins vegna COVID-19. „Félagið vinnur nú að samningum við kröfuhafa sína hvað varðar húsaleigu og annan fastan kostnað á árinu 2020,“ segir í ársreikningi.

Húsaleiga hækkaði um 44 prósent á milli ára og nam 1,6 milljörðum króna í fyrra. Centerhotels greiddi tengdum aðilum 1,4 milljarða króna í leigu árið 2019. Árið áður var sú fjárhæð 971 milljón króna.

Centerhotels er í eigu hjónanna Kristófers Oliversonar og Svanfríðar Jónsdóttur. – hvj

29.11.2020

Grasrótastigið sýnir sig í því að það er 5 til 7 prósent kosningabátttaka í formannskjöri í stærstu stéttarfélagunum.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



JBL BLUETOOTH HEYRNARTÓL

Fæst í mörgum litum



VERD ... 7.495

LE CREUSET


STEYPUJÁRNS SKAFTPOTTUR



16 cm Creme

VERD ÁÐUR....27.995
JÓLATILBOÐ ... 19.995

REVLON



VOLUMIZER PRO

KRULLUBURSTI

VERD9.995

BABYLISS HÁRBLÁSARI

2100W AC MOTOR



VERD9.995

JBL BLUETOOTH HÁTALARI

Fæst í mörgum litum



JBL FLIP5BLACK SVARTUR VERD ... 17.995

PHILIPS

MEÐ HLEÐSLU
1000 SERÍA

VERD7.495

Jamie Oliver Tefal GRILLPANNA



27x23cm
VERD ... 13.995

JÓLABÚÐIN ÞÍN byggto og búð

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

FRÍ HEIMSENDING
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

ÞEGAR VERSLAÐ ER Í
VEFVERSLUN OKKAR
FYRIR MEIRA EN 10.000

LE CREUSET

ELDFÖST MÓT

Cerise

VERD ÁÐUR....16.495
JÓLATILBOÐ ... 12.995



1,1 LÍTER VERD ... 9.795

KAI PUREKOMACHI2 HNÍFASETT

3stik

VERD ... 8.995

Fissler

Fissler gæði

PARIS POTTASETT



5 stk

MAGNAÐ JÓLATILBOÐ

VERD ÁÐUR....39.995
JÓLATILBOÐ ... 29.995



VERD ÁÐUR....5.495
JÓLATILBOÐ ... 4.495

MEDISANA NUDDKODDI



SHIATSU VERD7.495

LE CREUSET

PÖNNUSETT TNS

24 og 28cm



VERD ÁÐUR....44.995
JÓLATILBOÐ ... 29.995

KitchenAid

Hrímhvít hrærivél með glerskál



Ein auka skál fylgir!

VERD ... 99.995

ARIETE VÖFFLUJÁRN



EKTA BELGÍSKAR VÖFFLUR

VERD ... 5.495

KitchenAid MATVINNSLUVÉL



7 BOLLA SVÖRT

VERD ... 24.995

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILL



1650w

28x17 cm grillflötur

VERD9.995

HomeLine FLÖKTANDI LED



120 LED perur sem geta líkt eftir eldi

HOMELINE HELIOS IGNIS
VERD ... 7.995

Bluetooth HÁTALARI

LJÓÐ APOLLO 96 SVART BLUETOOTH

VERD ... 7.995



HOM-HELIOBLACK/WHITE

VERD ... 5.995

Bluetooth HÁTALARA

HOM-HELIOBTBLACK/WHITE

VERD ... 6.995